

HVAÐ ER AÐ GERAST UM

FÉLAGSLÍF

Laugarneskirkja:

Síðdegiskaffi fyrir eldri borgara

Á laugardaginn kl. 14.30 verður síðdegiskaffi í safnaðarheimili Laugarneskirkju fyrir eldri borgara og aðra þá sem vilja koma.

Að þessu sinni verður mjög fjölbreytt dagskrá. Þór Halldórsson, yfirlæknir, kemur og ræðir um spurninguna: Hvernig eldumst við? Einnig koma tónlistarmennirnir Jónas Ingimundarson og Ólafur Magnússon frá Mosfelli og flytja nokkur sönglög. Þá verður vorferð safnaðarins til Danmerkur kynnt, en hún verður farin vikuna 22.-29. maí og dvalið í sumarhúsum í Karlslunde rétt hjá Kaupmannahöfn. Frestur til innritunar er til 8. mars.

Það er von safnaðarins að sem flestir sjái sér fært að koma á síðdegiskaffið og njóta ánægjulegrar stundar í samfélagi safnaðarins.

Fjölskylduguðþjónusta og hádegismatur

Á Æskulyósdegi þjóðkirkjunnar verður fjölskylduguðþjónusta kl. 11 í Laugarneskirkju. Unglingar sýna helgileik og lesa ritningarorð. Sönghópur úr Kristilegum skólasamtökum syngur. Jóna Hrónn Bolladóttir, guðfræðinemi, prédikar.

Eftir guðþjónustuna verður hádegismatur í safnaðarheimilinu í umsjá Kvenfélags Laugarnessóknar. Sérstakur réttur verður fyrir fullorðna fólkið og barnaréttur fyrir börnin. Verði verður mjög stíllt í hól.

Í fyrra var þetta gert í fyrsta sinn og borðuðu þá um 100 manns í Safnaðarheimilinu.

Laugardalshöll:

Íslandsmeistarakeppni í samkvæmisdönsum

Á sunnudaginn verður Íslandsmeistarakeppnin í samkvæmisdönsum haldin í Laugardalshöll. Keppendur eru frá öllum dansskólum landsins og á öllum aldri. Yngstu keppendurnir eru 7 ára og þeir elstu farnir að nálgast sjötugt.

Setningarathöfnin hefst kl. 15 og munu þá allir keppendurnir, um 170 pör, ganga í salinn og forseti Dansráðs Íslands, Hermann Ragnar Stefánsson, flytur ávarp og setur mótið. Hans og Anne Laxholm, sem urðu í öðru sæti í heimsmeistarakeppninni í Japan sl. nóvember sýna hina fimm sigildu samkvæmisdansa og danssýningar verða í umsjón ballett- og jassballettskóla innan sambandsins.

Að setningarathöfninni lokinni hefst keppnin og mun hún standa langt fram á kvöld. Yfirdómari í keppninni verður breski dansarinn Denis Traveren en meðdómendur Laxholm hjónin.

Aðgöngumiðasala er í dansskólanum og síðan í Laugardalshöll frá kl. 13. Veitingasala verður allan daginn í Höllinni og þar sem bolludagur er á næsta leiti verður m.a. bollukaffi.

MÍR:

Dostóevskí-myndir endursýndar

Vegna mikillar aðsóknar og áskorana verða Dostóevskí myndirnar sem sýndar voru tvo síðustu sunnudaga í bíosal MÍR að Vatnsstíg 10 endursýndar. Fávitinn, sovésk kvikmynd gerð 1958, verður sýnd á sunnudaginn kl. 16 og 26 dagar í lífi Dostóevskís sunnudaginn 8. mars á sama tíma. Skýringartext-

ar eru með myndunum á íslensku. Aðgangur að kvikmyndasýningum MÍR er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Kvennalistinn:

Laugardagskaffi á Víkinni

Í laugardagskaffi Kvennalistans á Hótel Vík á morgun ætla Bergljót Baldursdóttir málvísindakona að tala um kynjamállyskur. Laugardagskaffið hefst kl. 14 og þangað eru allir velkomnir.

Hótel Örk:

Hlaðborð, sund og sauna

„Brunch“ að amerískum sið á Hótel Örk á sunnudögum milli kl. 12 og 15. Orðið „Brunch“ samanstendur af ensku orðunum breakfast og lunch sem þýða morgunverður og hádegisverður. Hér er um að ræða hlaðborð með köldum og heitum réttum, s.s. stórsteikum, sild, eggjum, beikonni og ávöxtum. Matargestir fá frítt í sundlaug og sauna. Helmings afsláttur er fyrir börn undir 12 ára aldri.

Fastar áætlunarferðir eru farnar frá Umferðamiðstöðinni til Hveragerðis.

SÖFN

Póst- og símaminjasafnið:

Opið á sunnudögum og þriðjudögum

Póst- og símamálastofnunin hefur opnað safn, Póst- og símaminjasafnið, í gömlu símtöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Þar getur að líta safn fjölbreytilegra muna og tækja er tengjast póst- og símaþjónustu á Íslandi. Fyrst um sinn verður safnið opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur er ókeypis. Þeir sem vilja skoða safnið utan opnunartíma hafi samband við safnvörð í síma 54321.

Þjóðminjasafn Íslands:

Opið fjóra daga vikunnar

Þjóðminjasafn Íslands er opið laugardaga, sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13.30 til 16.00.

Þjóðminjasafn Íslands:

Vaxmyndasýning í Bogasal

Laugardaginn 31. jan. verður

Helgina?

opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á 32 vaxmyndum af þekktum mönnum, íslenskum og erlendum. Vaxmyndasafn þetta gáfu Óskar Halldórsson útgerðarmaður og börn hans íslenska ríkinu til minningar um ungan son og bróður, Óskar Theodor, sem fórst með línuveiðar- anum Jarlinum árið 1941.

Vaxmyndirnar verða til sýnis á venjulegum opnunartíma Þjóðminjasafnsins, aðgangseyrir er kr. 50, en ókeypis fyrir börn og ellilífeyrisþega.

Sjóminjasafnið:

Opið um helgar

Sjóminjasafn Íslands verður opið í vetur laugardaga og sunnudaga frá kl. 14-18, en hópar geta pantað tíma ef aðrir tímar henta þeim betur. Tímabantanir eru í síma 91-52502 á mánudögum og fimmtudögum 10-12 og 14-15.

Árbæjarsafn:

Opið eftir samkomulagi

Enginn fastur opnunartími er yfir veturinn en safnið er opið eftir samkomulagi. Síminn er 84412.

Listasafn Einars Jónssonar:

Safn og garður

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30 til 16. Höggmyndagarðurinn er opin daglega frá kl. 11 til 17.

Ásgrímssafn:

Opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga

Ásgrímssafn er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 13.30 og 16.

MYNDLIST

Norræna húsið:

Andy Warhol sýnir

Nú stendur yfir sýning á grafíkverkum eftir bandaríska listamanninn Andy Warhol í anddyri Norræna hússins. Sýningin nefnist „Andlitsmyndir af Ingrid Bergman“ og eru þetta þrjár andlitsmyndir af kvikmyndaleikkonunni sjálfri. Þær eru gerðar í minningu hennar. Á sýningunni eru 30 myndir, þrjár áritaðar grafíkmyndir, sem eru til sölu á 3 þúsund dollara hver og 27 „prufubrykk“ listamannsins.

Sýningin verður opin á venjulegum sýningartíma hússins, en henni lýkur 1. mars.

Nýja orkan:

Nonni og Hallur Heiðar sýna

Hallur Heiðar og Nonni hafa opnað sýningu í Nýju orkunni að Hverfisgötu 46 á sérhönnuðum fatnaði úr náttúrulegum efnum sem þeir hafa lítað sjálfir. Einnig eru myndverk til sýnis og spanna þau yfir 10 ára feril listamannsins Nonna. Sú sýning heitir „Eldraun“.

Þessi list er til sölu virka daga kl. 13-18.

Laugardaga og sunnudaga eru fyrirhugaðar uppákomur er bera nafnið „Dansin-Orkan“. Á laugardögum verða þær kl. 21-23 og á sunnudögum kl. 16-18 og 21-22. Tekið skal fram að fyrri uppákoman á sunnudögum verður tileinkuð börnum. Sýningin stendur til 1. mars.

Jútópía:

Sigprúður Pálsdóttir sýnir

Sigprúður Pálsdóttir (Sissú) heldur um þessar mundir sýningu í „Jútópiu“ að Hverfisgötu 57 a. Þetta er þriðja einkasýning Sissúar í Reykjavík á þeim fjórum árum sem liðin eru síðan hún kom heim frá námi í New York.

Galleríð Jútópía hefur verið vinnustaður listamannsins undanfarnin tvö ár en hún kveður húsnæðið með þessari sýningu.

Á sýningunni verða u.þ.b. 25 oliumálverk unnin á árinu 1986 og 20 teikningar.

Sissú fór ung til náms á Ítalíu og síðan Kaupmannahafnar en hélt til New York haustið 1977 og stundaði þar myndlistarnám fyrsta veturinn við The Arts Students League of New York. Árin 1978-82 nam hún myndlist við The School of Visual Arts og lauk þaðan B.A. prófi vorið 1982.

Sýningin er opin daglega frá kl. 16-22 og stendur til 1. mars.

Listasafn ASÍ:

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á myndvefnaði

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á nýjum myndvefnaði í Listasafni ASÍ við Grensásveg á morgun, laugardag, kl. 14. Ásgerður hélt síðast einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984, en hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia Today, Borealism og sýningu í boði Kaupmannahafnarborgar ásamt Svavari Guðnasyri.

Sýning Ásgerðar stendur til 15. mars og er opin daglega kl. 14-18, nema á sunnudögum kl. 14-22.

Kjarvalsstaðir:

Myndlistarmenn framtíðarinnar

All nýstárleg myndlistarsýning ungs fólks verður opnuð að Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Hér er um að ræða samsýningu rúmlega 70 myndlistarmanna, 35 ára og yngri, sem haldinn er á vegum IBM á Íslandi í tilefni 20 ára afmælis fyrirtækisins hér á landi. Á sýningunni kennir margra grasa bæði í tækni og framsetningu. Myndlistarmennirnir eru nær flestir óþekktir og stór hluti hópsins enn við nám, ýmist hér eða erlendis. Þátttaka í sýningunni staðfestir að ungt myndlistarfólk fagnar slíku tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri því þarna getur að líta á þriðja hundrad listaverk. Öll verkin eru til sölu og eru sérstakir söluráð-



Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á myndvefnaði

Á morgun kl. 14 opnar Ásgerður Búadóttir sýningu á nýjum myndvefnaði í Listasafni ASÍ við Grensásveg. Sýning Ásgerðar stendur til 15 mars.

gjafar frá Gallerí Borg sýningargestum til aðstoðar.

Sýningin verður opin alla daga kl. 14-22 og stendur til 8. mars. Sýnt er í báðum sýningarsölum Kjarvalsstaða.

Nýlistasafnið:

Þrjú listamenn sýna

Í dag kl. 20 verður opnuð í Nýlistasafninu Vatnsstíg 3b sýning á verkum Helga Valgeirssonar, Guðrúnar Láru Halldórsdóttur og Kristínar Guðbrands Harðarsonar.

Helgi, sem stundaði nám við málaraeild Myndlista og handíðaskólans 1983-86, sýnir rýmisverk (installation) unnið á þessu ári. Verk þetta er samsett af málverkum og hlutum úr daglegu umhverfi. Helgi hefur áður tekið þátt í sýningunum Gullströndin árið 1983 og NART-sýningunni 1986.

Guðrún nam einnig við MHI árin 1982-86 og útskrifaðist úr málaraeild. Hún sýnir 6-7 oliumálverk sem unnin eru 1986-87. Guðrún sýndi verk sín í Ingólfsbrunni 1986.

Kristinn sýnir 43 dúkrstur unnar 1984, en sunnudaginn 1. mars lýkur málverkasýningu hans í Svart og hvítu.

Sýningin í Nýlistasafninu stendur til 8. mars og er opin daglega frá 16-22 en um helgar frá 14-22.

Gallerí Langbrók Textill:

Listmunir sýndir að staðaldri

Textilgalleríð Langbrók, Bókhliðustíg 2, sýnir vefnað, taubrykk, myndverk, fatnað og fleiri listmuni. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 11-14.

Gallerí Hallgerður:

Sýning á textilverkum

Um þessar mundir stendur yfir í Gallerí Hallgerði, Bókhliðustíg 2, sýning á textilverkum úr handunngu togi. Sýnandi er Áslaug Verrisdóttir. Sýningin er opin kl. 14-18 og stendur til 8. mars.

Mokkakaffi:

Geir Birgir Guðmundsson sýnir

Geir Birgir Guðmundsson sýnir myndverk á Mokkakaffi um þessar mundir og mun sýning hans standa út febrúarmánuð.

TÓNLIST

Íslenska óperan:

Tvær sýningar á Aidu

Íslenska óperan sýnir Aidu eftir Verdi tvisvar um helgina. Í kvöld kl.